

60

16. apríl

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

22. gr.

23. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

61

21. apríl

## REGLUR

### um breytingu brunabótaverðs húsa í Reykjavík.

1. gr.

Í janúar ár hvert reiknar Hagstofa Íslands vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík fyrir undanfarandi ár. Vísitalan gildir fyrir eftirfarandi reikningsár brunatrygginga húsa í Reykjavík (tryggingarár), og skal brunabótaverði húsanna árlega breytt eftir vísitölunni, áður en tryggingariðgjöldin eru reiknuð. Nú sýnir vísitalan ekki meiri breytingu á gildandi brunabótaverði en 5%, og helst verði þá óbreytt næsta tryggingarár.

2. gr.

Ef brunabótaverðið, sem þannig hefur verið fundið, þykir óeðlilegt í einstökum tilfellum, miðað við byggingarkostnaðinn, er leyfilegt að leiðrétta það til samræmis við hann, með hliðsjón af rúmmáli, gerð, byggingarefni, aldri og viðhaldi húsanna. Þessi leiðrétting skal gerð af hinum dómkvöddu virðingarmönnum eða öðrum, sem til þess væru dómkvaddir sérstaklega, eftir ákvörðun bæjarráðs, er setur nánari reglur um slíkar leiðréttingar.

3. gr.

Það brunabótamat, sem þannig hefur verið ákveðið (samkv. 1. eða 2. gr.), gildir sem brunabótaverð húsanna og skal það lagt til grundvallar við ákvörðun iðgjalda og brunabóta á næsta tryggingarári, eftir reglum, er þar um gilda samkv. tryggingarsamningi og almennum tryggingarákvæðum.

4. gr.

Tryggingarfélag það (félag), sem samið hefur verið við um tryggingarnar, annast breytingu brunabótaverðsins, undir umsjón og eftirliti fulltrúa frá bæjarstjórn Reykjavíkur, er skal sjá um, að settum reglum sé fylgt og rétt iðgjöld reiknuð, samkvæmt tryggingarsamningnum.

Reglur þessar staðfestast hér með samkv. lögum nr. 1 26. marz 1924, sbr. lög nr. 87 16. desember 1943, til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1947.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Jón S. Ólafsson.*